

Nýr doktor

## Ofþyngd meðal norskra barna

Pétur Benedikt Júlíusson varði doktorsritgerð sína 22. október síðastliðinn við háskólann í Bergen. Doktorsritgerðin ber heitið „Overweight and obesity in Norwegian children“.

Ofþyngd og offita meðal barna er alþjóðlegt heilsufarsvandmál. Tölur hafa sýnt jafna aukningu á algengi þessa vandamáls í hinum vestræna heimi síðastliðin 20-30 ár.

Í vaxtarrannsókninni í Bergen (Vekststudien i Bergen, [www.vekststudien.no](http://www.vekststudien.no)) voru mælingar gerðar á 8299 börnum á aldrinum 0-19 ára á tímabilinu 2003-2006. Tekið var tilviljanakennt úrtak barna á heilsugæslustöðvum, leikskólum og skólum. Upplýsingar um heilsu barnanna og lífshætti voru fengnar skriflega frá foreldrum.

Rannsóknin hefur gefið mikilvægar upplýsingar um breytingar í vexti og þyngd, ásamt algengi ofþyngdar og offitu hjá börnum og unglingum.

Þegar tölur voru bornar saman við mælingar gerðar í sömu borg á árunum 1971-1974 kom í ljós aukning í hlutfalli líkamsþyngdar og hæðar.

Mestu breytingarnar höfðu orðið í efstu hundradshlutunum, það er þyngstu börnin voru orðin þyngri. Þyngdarbreytingarnar voru mestar meðal leikskólabarna. Mælingar á húðfellingum sem endurspeglar undirhúðarfitu sýndu breytingar sem voru enn meiri.

Algengi ofþyngdar var 13,8% og offitu 2,3% hjá 2-19 ára gömlum börnum, skilgreind með alþjóðlegum staðli (International Obesity Task Force, IOTF) sem er grundvallaður á líkamsþyngdarstuðli (body mass index (kg/m<sup>2</sup>)). Enginn kynjamunur fannst þegar allir aldurshópar voru teknir saman, en meðal barna á leikskólaaldri var ofþyngd algengari hjá stúlkum en drengjum.

Offita var hins vegar algengari hjá unglingsdrengjum en unglingsstúlkum. Samanburður við alþjóðleg vaxtarlínurit frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO growth standard) sýndi að norsk börn voru þyngri, en þau voru einnig hærri og með stærra ummál höfuðs. Þetta var einnig sjáanlegt meðal barna sem höfðu fengið brjóstanáringu samkvæmt ráðleggingum WHO.

Hætta á ofþyngd og offitu var meiri hjá börnum sem áttu fá systkini og hjá börnum foreldra með stutta skólagöngu að baki. Atvinna foreldra eða þjóðerni hafði ekki áhrif. Ekki fundust tengsl á



Pétur Benedikt Júlíusson

milli ofþyngdar og hvort barn ólst upp með einu foreldri eða báðum foreldrum.

Foreldrar höfðu mikla tilhneigingu til að vanmeta ofþyngd hjá börnum sínum. Sjötíu prósent barna með ofþyngd (IOTF-skilgreining) á aldrinum 2-19 ára og yfir 90% af börnum með ofþyngd á barnaskólaaldri, voru metin í kjörþyngd af foreldrum sínum. Þetta endurspeglar mikilvægi reglulegra mælinga á hæð og þyngd barna í heilsugæslunni.

Pétur Benedikt Júlíusson fæddist og ólst upp í Reykjavík. Hann útskrifaðist frá læknadeild Háskóla Íslands 1991 og stundaði framhaldsnám í barnalækningum í Noregi. Hann er yfirlæknir innkirtla- og efnaskiptasviðs barnadeildar Haukeland-háskólasjúkrahússins í Bergen í Noregi. Hann hefur leitt vaxtarrannsóknina í Bergen frá upphafi árið 2003. Rannsóknarhópurinn birti ný vaxtarlínurit fyrir norsk börn árið 2009 í norska læknatímaritinu *Tidsskrift for Det norske legeförening* (hægt er að nálgast línuritinn á [www.vekststudien.no](http://www.vekststudien.no)) - Júlíusson PB, Roelants M, Eide GE. Vekstkurver for norske barn. *Tidsskr Nor Lægeforen* 2009; 129: 281-6.